

6. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í félagsheimilinu Tíbrá 25. febrúar 2020 kl. 20:00.

Mætt eru: Viktor S. Pálsson formaður, Dýrfinna Sigurjónsdóttir, Hjalti Þorvarðarson og Sigrún Hreiðarsdóttir ásamt Aðalbjörgu Skúladóttur bókara og Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra.

Forföll boðaði: Sverrir Einarsson.



1. Ársreikningur og fjárhagsáætlun Umf. Selfoss

Vísað til fundar aðalstjórnar í mars með leiðréttingum í samræmi við umræðu á fundi.

2. Rafípróttanefnd Umf. Selfoss

Lögð fram fundargerð frá stofnfundi 20. febrúar 2020. Framkvæmdastjórn fagnar stofnun rafípróttanefndar innan Umf. Selfoss sem á uppruna sinn að rekja til tillögu frá aðalfundi félagsins árið 2019.

3. Undirbúningur aðalfundar

Endurskoðaðar reglugerðir lagðar fram á næsta fundi aðalstjórnar. Lagt til að vísa þeim til deildarstjórna sem geta gert skriflegar breytingartillögur fyrir fund aðalstjórnar í maí hvar uppfærðar reglugerði verða staðfestar ef meirihluti er fyrir því.

4. Innra skipulag Umf. Selfoss / Staða félagsins

Starfsfólki Umf. Selfoss falið að lesa heima og leggja fram tillögur til aðalfundar.

5. Raunverulegir eigendur Umf. Selfoss

Gengið frá skráningu raunverulegra eigenda Umf. Selfoss. Formaður, gjaldkeri og ritari aðalstjórnar Umf. Selfoss tilnefndir sem raunverulegir eigendur félagsins.

6. Lyftingadeild

Upplýst var um fund formanns og framkvæmdastjóra með forsvarsmönnum lyftingadeildar Umf. Selfoss þann 24. febrúar 2020. Niðurstaða fundarins var að tryggja að iðkendur deildarinnar geti keppt undir merkjum félagsins þótt deildin starfi ekki áfram í núverandi mynd. Gangi það eftir verður núverandi lyftingadeild formlega lögð niður en starfsemin heldur áfram sem lyftinganefnd undir hatti félagsins.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 21:18.
Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**